


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Teikning, myndgreining og myndbygging (MYL314)</b> <b>Kennsluáætlun (vorönn 2010)</b>	

<b>Nafn kennara:</b>	<b>Anna María Guðmann</b>	<b>Sk.stöfun:</b>	<b>AMÍ</b>
<b>Sími 8978621</b>	<b>Viðtalstími á mánudögum kl. 12:40-13:15</b>	<b>Netfang</b>	<b>ami@vma.is</b>

### Áfangalýsing:

Framhald formrænna athugana úr Myl 202. Áfanginn miðar að því að nemandi hljóti þjálfun á flestum sviðum sem lúta að teikningu. Fjölbreyttar teikniáðferðir skoðaðar og möguleikar teikningarinnar fyrir hverskonar þróunarvinnu og forvinnu fyrir frekari útfærslu á myndverki. Nemendur eru þjálfaðir í skissugerð og uppbyggingu tvívíðra myndlistarverka í formi og lit. Einnig eru grunnreglur um formræna uppbyggingu myndlistarverka skoðaðar og nemendur þjálfist í að rökstyðja og fjalla um bæði sín eigin verk og annarra á faglegan hátt

### Markmið:

Að nemandi nái tökum á þrem atriðum myndlistar.

Teikning: Þjálfun í hugmyndavinnu, skissugerð, tvívíðri teikningu og meðhöndlun ýmissa teikniáhaldna og efna.

Myndbygging: Myndir byggðar upp í formi og lit, verkefni verða úr daglegu umhverfi okkar þar sem uppröðun forma og líta er skoðuð. Mikil og markviss skissuvinna er unnin og nemandinn þjálfist í að leita myndefnis í hversdagslegu umhverfi og raða upp á sinn máta þar sem sýnt er fram á að margskonar formrænir möguleikar hafa verið skoðaðir.

Myndgreining: Formgreining á listaverkum sem dýpka skilning nemanda á sjónrænum forsendum listaverka. Hugmyndabátturinn og tæknilegi bátturinn rannsakaður. Nemandi þjálfist einnig að tjá sig um viðfangsefnið, læri að koma orðum að því sem þeir eru að gera og geti tjáð sig um verk sín. Það er einnig mikilvægt að nemandi læri að beita sköpunargáfu sinni í öllu vinnuferlinu og geti beitt gagnrýnni hugsun og endurskoðað verk sín með það að markmiði að gera betur.

### Námsmat

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Mikilvægt að vinna öll verkefni því gefið er fyrir hvert og eitt.

**Skilað verður eftir hverja lotu og dragist að skila á réttum tíma verður dreginn 1 heill frá fyrir hverja viku sem dregst að skila.**

Lota 1 Teikning 40%,

Lota 2 Myndbygging 15%,

Lota 3 Myndgreining 20%,


Verkefni 10%,

Skissubók 10%

Mæting 5%

### Mætingar

**Það er 100% mætingarskylda í þessum áfanga.** Einungis er gefið svigrúm fyrir 12 fjarvistarstig (3 stig fyrir hverja einingu) á önninni fyrir veikindi. Eftir það telst nemandi hafa sagt sig úr áfanganum. **Ef þið forfallist vinsamlega látið mið vita í síma, sms eða netfangi (sjá efst á blaði).**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
<b>Teikning, myndgreining og myndbygging (MYL314)</b>		
<b>Kennsluáætlun (vorönn 2010)</b>		

### **Innkaup**

Það þarf að eiga gott úrval af mismunandi hörðum og mjúkum blýöntum og/eða blýi og strokleður. Ekki stóla á að skólinn eigi blýantana eða strokleðrin þar sem þetta hverfur gjarnan mjög fljótlega. Einnig þarf að eiga A4 skissubók, algjörlega ónotaða og með a.m.k. 90 síðum (má vinna báðum megin).

2-3 möppur með plastumslögum í stærð A3 (með mörgum plastumslögum)

Gott væri að eiga einhverskonar liti til að nota heima í skissubókina.

**ATHUGIÐ** verk nemenda eru geymd án ábyrgðar í eitt ár frá sýnidegi prófa og eftir það verður þeim fargað.

Vika	Lota	Kennslulýsing
2-7	1	Kynning á kennsluáætlun og áfanganum. Frjáls teikning. Læra að beita teikningu sem fjölbreyttum tjáningarmiðli og öðlast færni í að próa hugmyndir í allar áttir. Athuga myndbyggingu, form, liti og lögun, ljós og skugga og efnisáferð. Mismunandi og ólík teikniáhöld og efni prófuð og skoðuð. Teikniáhöld búin til og prófuð. Dagbókarvinna. (Gildir 40%). <b>Skiladagur: Miðvikudaginn 24. febrúar í fyrsta tíma. (í viku 8)</b>
8-11	2	Uppstilling. Myndir byggðar upp í formi og lit. Uppröðun forma og lita skoðuð með uppstillingum og nemendur skissa og sýna markvissa þróunarvinnu í að skoða formin. Klippimyndir, ljósmyndir, teikning og málun. Dagbókarvinna. (Gildir 15%). <b>Skiladagur: Miðvikudaginn 24. mars í fyrsta tíma. (í viku 12)</b>
12-17	3	Nemendur fá að velja verk eftir ákveðna listamenn sem þeir ætla að vinna með. Listaverkið formgreint og fjallað um það í skriflegu verkefni. Nemendur skissa síðan út frá myndverkinu sínar eigin tillögur og hugmyndir og útfæra það og sýna fram á markvissa þróunarvinnu. Dagbókarvinna. (Gildir 20% og skriflegt verkefni gildir 10%).
17	LOK	Frágangur og uppsetning verkefna í möppu og verk hengd upp fyrir foreldra og/eða vinakvöld líklega þann 29. apríl. <b>Lokaskiladagur þann 30.apríl milli kl. 8:15 og 11:20 (í viku 17)</b>
Heimavinna 2-17		Skissubók þar sem skissaðar eru 6 síður eða 3 opnur á viku (skila 78 síðum í lokin. (Gildir 10%). <b>Skil á hverjum miðvikudegi.</b>

**ATHUGIÐ ÞAÐ ER AFAR MIKILVÆGT AÐ SKISSA MJÖG MIKIÐ OG ÆFA SIG Í TEIKNINGUNNI, BÆÐI HLUTBUNDINNI OG ÓHLUTBUNDINNI TEIKNINGU.**

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Ýmsar myndlistarbækur, mismunandi eftir nemendum
Ljósrit (afhent)	Ýmis ljósrit sem tengjast verkefnum, skissugerð, áhöldum og efnum sem eru notuð

Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og góða skemmtun.

Amí (Anna María Guðmann) [ami@vma.is](mailto:ami@vma.is) (sími 897-8621)

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils